

Nd.

633. Breytingartillögur

[298. mál]

við frv. til laga um úrskurðaraðila í starfsaldurslistadeilu flugmanna Flugleiða hf.

Frá Steinþóri Gestssyni.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „sem úrskurðaraðila“ í 1. mgr. komi: í gerðardóm.
 - b. Í stað orðsins „úrskurðaraðila“ í 2. mgr. komi: gerðardómsmanna.
 - c. Upphaf 3. mgr. orðist svo:
Gerðardómurinn setur sér starfsreglur og aflar sér af sjálfsdáðum o. s. frv.
2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Gerðardómurinn skal hefja störf strax og ljóst er að starf sáttanefndarinnar ber ekki árangur o. s. frv.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „úrskurðaraðila“ komi: gerðardómsins.
4. Við 5. gr. Í stað orðsins „úrskurðaraðila“ komi: gerðardómsins.
5. Fyrirsögn orðist svo:
Frumvarp til laga um gerðardóm í deilu flugmanna Flugleiða hf. um starfsaldurslista.